

Höfundur var viðstaddur frumsýningu á Kristni haldi undir Jökli í Iðnó og var kallaður fram. Hér er Halldóri Laxness fagnað af leikhúsgestum. Fjær standa leikendur í sýningunni og leikstjórinn, Sveinn Einarsson lengst til vinstri.



Söngvararnir Svala Nielsen, Guðrún Tómasdóttir, Margrét Eggertsdóttir, Ruth Little Magnússon, Gestur Guðmundsson, Garðar Cortes og bræðurnir Ásgeir og Kristinn Hallssynir sungu þjóðlög í Þjóðleikhúsinu á sunnudag.



Fyrstu gestir í nýja Myndlistarhúsinu á laugardag, þar sem opnuð var sýning á íslenzkri nútímalist.



Þjóðlög, dansar og vikivakar í Þjóðleikhúsinu. Dansarar úr Þjóðdansafélaginu dansa.

# Í REYKJAVÍK



Gestir á yfirlitssýningu á eldri íslenzkri myndlist. Selma Jónsdóttir stendur við eina elztu myndina, Áningu, eftir Þórarin Þorláksson, sem er á frímerki í tilefni Listahátíðar.



Frá kammertónleikum í Norræna húsinu á sunnudag. Páll P. Pálsson stjórnar strokkvartett Tónlistarskólans, sem frumflytur verk eftir hann.